



Merk tré á Akureyri

Akureyri hefur verið kölluð „bærinn í skóginum“ og ekki að ástæðulaus; mikill og hrastlegur gróður ásamt glæsilegu bærastæðinu gerir Akureyri að einum fugursta kaupstað landsins.

Allt frá því að tjárekt hófst á Íslandi í einhverjum mæli í kringum aldamótin 1900 hefur Akureyri staðið feti framar öðrum bæjarfélögum á landinu á því svíði. Trjá- og skógrækt í Eyjafirði og á Akureyri á sér djúpar og sterkar rætur og hefur sett sterkan svip á héraðið. Margir af merkustu frumkvöldum landsins á þessu svíði komu úr Eyjafirði og höfðu mikil áhrif við vegar um land.

Í tilefni af 75 ára afmæli félagsins þann 11. maí 2005 réðst Skógræktarfélag Eyfirðinga í útgáfu þessa bæklinga, þar sem vakin er athygli á merkum trjám á Akureyri og áhugafólk er auðveldað að finna trén og njóta þeirra.

Íslensk upplýsingar félagsins | Þróun og ófærur félagsins | Skógræktarfélag Eyfirðinga | Kjarnaskógi | Sími 462 4047 | kjarni@est.is | www.kjarnaskogur.is

Velkomin í Skógræktarfélgið

Félagar í S.E. njóta ýmissa hlunninda annarra en að stuðla að aukinni skógrækt í heraðinu:

- Nýir félagsmenn fá bókina Ásýnd Eyjafjarðar að gjöf við skráningu í félagið.
- Félagar í S.E. fá afslátt af verði plantna hjá Gróðrarstöðinni í Kjarna.
- Félagar í S.E. eiga kost að fá leigt land til skógræktar á vœu verði.
- Félagar í S.E. fá Laufblaðið, fréttarit Skógræktarfélags Íslands, sent sér að kostnaðarlausu.
- Félögum í S.E. býðst að taka þátt í gefandi félagsstarfi og stuðla að framgangi góðs málefnis.



Nánari upplýsingar veita starfsmenn félagsins
Skráning í síma 462 4047

Merk tré á Akureyri

Ágæti trjáskoðandi.

Við val trjána sem talin eru upp í bæklingi þessum voru nokkur atríði höfð að leiðarljósi þar sem strax var ljóst að úr miklum fjölda trjáa væri að velja.

Merk tré voru valin vegna þess að þau væru sjaldséð, gömul, stór, sérlega falleg eða sérkennileg. Einnig að þau væru aðgengileg og að eigendur þeirra heimiluðu kynningu á trjánum sem reyndist auðsótt.

Í örfáum tilfellum er tegundargreining trjáa óljós og þá er það tekið fram.

Ákveðið var að sleppa upplýsingum um aldur trjána þar sem gróðursetningarár liggar í fæstum tilfellum fyrir. Hæð trjána var mæld af starfsmönnum Skógræktarfélags Eyfirðinga í ágúst 2005.

Skógræktarfélagið vill þakka Akureyrarbæ fyrir stuðninginn við gerð þessa bæklings og einkum starfsfólk Framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar og Lystigarðsins sem aðstoðaði við val á trjám og greiningu trjátegunda.

Sérstakar þakkar færir S.E. garðeigendum á Akureyri sem veitt hafa góðfuslegt leyfi til að benda á tré sín með þessum hætti.

Trjáskoðendur eru hvattir til að sýna fyllstu tillitssemi við garðeigendur þegar trén eru skoðuð.

Vörtubirki (*Betula pendula*) Gamla gróðrarstöðin

Uppruni: Skandinavía
Hæð: 15 m
Á þessum stað var rekin gróðrarstöð og síðan tilraunastöð frá byrjun 20. aldar og fram til 1974. Þarna er því að finna mörg gömul og merkileg tré. Vörtubirkið er glæsilegt tré og sennilega um 100 ára gamalt.

Alaskaösp (*Populus trichocarpa*)
Aðalstræti 68

Uppruni: Norður-Ameríka, Alaska
Hæð: 20 m
Tvær háar aspir. Sú hærri er 20 metra há og því með hæstu trjám bæjarins.

